



Erindisbréf fyrir umhverfisnefnd Seltjarnarness

Meginhlutverk:

Umhverfisnefnd Seltjarnarnesbæjar starfar, í umboði bæjarstjórnar, að umhverfis- og náttúruverndarmálum samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta* og því sem bæjarstjórn felur henni. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Seltjarnarnesbæjar eins og hún er hverju sinni.

Meginhlutverk umhverfisnefndar er sem hér segir:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í málefnum sem varða umhverfismál, skipulagsmál og náttúruvernd eftir þörfum,
- að gera tillögu til bæjarstjórnar um markmið í framangreindum málaflokkum,
- að gera tillögu til bæjarstjórnar um gjaldtöku vegna gjaldskyldrar starfsemi sem heyrir undir verksvið nefndarinnar,
- að fylgjast með framkvæmd náttúruverndarlaga og annarra laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar,
- að fjalla um skipulag opinna svæða og lóða sveitarfélagsins í samráði við skipulags- og umferðarnefnd,
- að huga að fornleifarannsóknum og vernd gamalla húsa og minja í sveitarfélaginu,
- að skipuleggja og hafa umsjón með starfsemi vinnuskóla og skólagarða í sveitarfélaginu í samráði við íþrótt- og tómsundanefnd,
- að stuðla að góðri umgengni í sveitarfélaginu t.d. með árlegum hreinsunardegi,
- að stuðla að náttúruvernd í sveitarfélaginu og fræðslu um náttúrufar þess,
- að vera tengiliður við Umhverfisstofnun,
- að fylgjast með og fjalla um landbrot og ástand strandlengju bæjarins og öðrum breytingum á náttúrufari Seltjarnarness og afréttarsvæða,
- að leggja mat á umhverfisáhrif af völdum mannvirkjagerðar, landnýtingar, mengunar og efnistöku í sveitarfélaginu þar sem löggjöf kveður á um mat á umhverfisáhrifum,
- að fylgja eftir þátttöku bæjarins í Staðardagskrá 21,
- að gera tillögu til bæjarstjórnar um útgáfu fræðsluefnis og hvers kyns aðra kynningu fyrir íbúa Seltjarnarnesbæjar, fyrirtæki og stofnanir um þau mál sem falla að verksviði nefndarinnar,

- að sjá um önnur þau verkefni sem bæjarstjórn felur henni.

Jafnframt skal umhverfisnefnd stuðla að náttúru- og umhverfisvernd á Seltjarnarnesi í samræmi við ákvæði laga, m.a. með ábendingum og tillögugerð til bæjarstjórnar. Hún skal á sama hátt stuðla að gróðurvernd í samræmi við ákvæði laga. Umhverfisnefnd skal veita aðhald varðandi snyrtilegan frágang mannvirkja og opinna svæða á Seltjarnarnesi, góða umgengni um bæjarlandið og alhliða fegrun bæjarins. Skal áhersla lögð á samstarf við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga í því sambandi. Umhverfisnefnd skal árlega gera tillögu um hverjum veita skuli viðurkenningu fyrir snyrtilegan frágang lóðar og umhverfis. Veita skal viðurkenningar fyrir lóð íbúðarhúsnæðis, fyrir lóð atvinnuhúsnæðis og fyrir frágang reita, s.s. einstakra gatna og umhverfis þeirra og opinna svæða.

Nefndin skal stuðla að aukinni endurvinnslu og endurnýtingu eftir því sem hagkvæmt þykir, m.a. með fræðslu og kynningu fyrir íbúa bæjarfélagsins. Hún skal veita umsögn við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og við úrskurði um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisnefnd skal hafa umsjón og eftirlit með friðlýstum og vernduðum svæðum innan bæjarfélagsins. Ennfremur skal hún gera tillögur til bæjarstjórnar um merkingar og kynningu á náttúruminum og þeim stöðum öðrum sem hafa sérstakt sögulegt gildi eða henta vel til útivistar. Nefndin skal vinna að mótun stefnu um sjálfbæra þróun í umhverfismálum.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna séu fyrst og fremst í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og það leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmunum ofar sérhagsmunum, hvort heldur sínum eigin eða einstakra hópa. Jafnframt skal nefndin stuðla að tengslum og samstarfi við aðra hagsmunaaðila.

Skipan, fundir og starfshættir:

Umhverfisnefnd skal skipuð fimm fulltrúum, kosnum af bæjarstjórn Seltjarnarness í upphafi hvers kjörtímabils. Varamenn í nefndinni skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt. Bæjarstjórn skipar formann umhverfisnefndar en ritari og varaformaður skulu kosnir af nefndinni á fyrsta fundi hennar.

Sviðsstjóri situr fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt. Hann ber ábyrgð á að ákvörðunum og samþykktum nefndarinnar sé fylgt eftir.

Nefndin getur einnig boðið öðrum til fundar varðandi tiltekin mál.

Fulltrúar í nefndinni og þeir sem sitja fundi hennar eru bundnir þagnarskyldu. Óheimilt er að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Sama gildir um atriði sem aðilar fá vitneskju um og leynt skulu fara eðli máls samkvæmt. Þagnarskylda helst þó að látið sé af störfum.

Formaður nefndarinnar, eða varaformaður í forföllum hans, boðar eða lætur boða fundi í nefndinni með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Málgögn skulu varðveitt með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim. Boða ber til fundar ef þriðjungur eða fleiri aðalmanna í nefndinni æskir þess. Formaður kveður til fundar svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Boðun varamanna skal vera í samræmi við bæjarmálasamþykkt.

Formleg erindi, fyrirspurnir og mál er umhverfisnefnd berast skulu skráð í málaskrá bæjarins áður en þau eru tekin fyrir á fundum. Á sama hátt skal, eftir fund, skrá afgreiðslu mála í málaskrá. Skjalastjóri

ber ábyrgð á að skráning og eftirfylgni málgagna sé í samræmi við reglur Seltjarnarnesbæjar hverju sinni.

Kjörnum fulltrúum nefndarinnar er heimilt að koma saman til svokallaðra „vinnufunda“ án þess að boða þá sem lögum samkvæmt eiga rétt til setu á formlegum nefndarfundum. Hins vegar er litið svo á að slíkir fundir séu óformlegir og þar skulu ekki teknar ákvarðanir né haldin um þá opinber gjörðabók, þeir eru m.ö.o. ekki formlegir nefndarfundir.

Nefndin getur enga ályktun gert nema meirihluti nefndarmanna sitji fund. Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það. Fundarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarherbergi nefndarinnar við umræðu og afgreiðslu þess, sbr. 3., 4. og 5. grein stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Ályktun umhverfisnefndar, sem hefur í för með sér útgjöld umfram samþykktir bæjarstjórnar, skal ætíð send bæjarstjóra í sérstöku erindi. Bæjarstjóri leggur ályktunina fyrir bæjarráð til endanlegrar afgreiðslu. Nefndinni er að öðru leyti heimilt að afgreiða, án staðfestingar bæjarstjórnar, mál á verksviði hennar ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því og þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum atriðum.

Rita skal fundargerðir nefndarinnar í sérstaka fundargerðabók, sem heimilt er að tölvuskra. Fundargerð skal lesin upp í lok fundar og nefndarfulltrúar skulu staðfesta samþykki sitt með undirritun.

Ef umhverfisnefnd fær til meðferðar kærsmål samkvæmt ákvæðum laga er varða hana, gilda um meðferð kærsmálsins reglur stjórnarsýslulaga. Um sérstakt hæfi nefndarmanna og annarra fulltrúa sem rétt hafa til að sitja fundi nefndarinnar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Samþykkt í bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar þann 11.12.2013.